



**11. fundur
tómsunda- og æskulýðsnefndar norðurbings
haldinn í stjórnsýsluhúsi Norðurbings,
mánudaginn 13. febrúar 2012 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Hjálmar Bogi Hafliðason, Birna Björnsdóttir, Hafsteinn H Gunnarsson, Ingólfur Freysson, Sigríður Valdimarsdóttir, Jóhann Rúnar Pálsson,

Fundargerð ritaði: Jóhann Rúnar Pálsson, Tómsunda- og æskulýðsfulltrúi

Dagskrá:

1. 201004090 - Sundlaugar Norðurbings

Sveinn Rúnar Arason deildarstjóri Sundlaugar Húsavíkur mætti á fundinn. Til umræðu voru öryggismál, aðstaða og aðgengi fatlaðra í sundlauginni á Húsavík.

Tómsunda- og æskulýðsnefnd þakkar Sveini Rúnari fyrir sitt innlegg í umræðuna.

Nefndin leggur á það áherslu að farið sé í framkvæmdir við sundlaugina sem stuðla að bættu aðgengi og öryggi við laugina.

Tómsunda- og æskulýðsnefnd felur tómsunda- og æskulýðsfulltrúa að vera í samstarfi við hlutaðeigandi aðila um framkvæmd málsins.

2. 201106024 - UMFÍ unglíngalandsmót, vinna að undirbúningi

Tómsunda- og æskulýðsnefnd samþykkir að senda bréf til UMFÍ þar sem óskað er eftir betri skýringum á staðarvali ULM.

Sveitarfélagið Norðurbing óskaði eftir rökstuðningi hjá stjórn UMFÍ vegna staðsetningar á unglíngalandsmóti UMFÍ árið 2014. Sveitarfélaginu barst svarbréf 1.nóvember 2011 þar sem greint er frá því að stjórnarmenn greiða atkvæði eftir bestu sannfæringu. Þá vakna eftirfarandi spurningar; 1) á hverju byggja stjórnarmenn ákvörðun sína og 2) hvað er lagt til grundvallar hjá UMFÍ þegar staðsetning er valin.

Tómsunda- og æskulýðsnefnd felur tómsunda- og æskulýðsfulltrúa að skrifa bréf til UMFÍ.

3. 201005028 - Vinnuskóli Norðurbings

Tómsunda- og æskulýðsfulltrúi kynnti áætlanir vegna Vinnuskóla Norðurbings.

4. 201009065 - Forvarnarmál

Tómsunda- og æskulýðsfulltrúi fór yfir hugmyndir er snúa að samþættingu forvarnarmála innan sveitarfélagsins. Hugmyndin er sú að samræma aðgerðaáætlanir stofnana og fyrirtækja í sveitarfélaginu sem koma að þessum málum með einum eða öðrum hætti.



Tómsunda- og æskulýðsnefnd felur tómsunda- og æskulýðsfulltrúa að fylgja málinu eftir á næsta fundi forvarnarhóps Norðurlþings.

5. 201102059 - Heimöx, umsókn um styrk

Tómsunda- og æskulýðsnefnd tekur jákvætt í erindið og felur starfsmanni nefndarinnar að vera í sambandi við Heimöx vegna málsins.

6. 201007035 - Icefitness ehf. ósk um styrk vegna skólahreysti

Tómsunda- og æskulýðsnefnd hafnar styrkbeiðninni.

7. 201202031 - Tómsunda- og íþróttafélög Norðurlþings

Tómsunda- og æskulýðsnefnd leggur það til að fulltrúum tómsunda-, æskulýðs- og íþróttafélaga með starfsemi innan Norðurlþings verði boðið að kynna starfsemi sína fyrir nefndinni og í leiðinni koma fram með óskir um aðbúnað og aðstöðu.

Tómsunda- og æskulýðsnefnd felur tómsunda- og æskulýðsfulltrúa að senda fimleika- og handknattleiksdeild Völsungs boð um það að kynna starfsemi sína.

8. 200909078 - Kynning tómsunda- og æskulýðsfulltrúa

Tómsunda- og æskulýðsfulltrúi fór yfir málefni tómsunda- og æskulýðssviðs.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:00